

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 900,00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlun hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 197, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. janúar 1987.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING**um niðurfellingu tolls af pappírsrúllum í reiknivélar.**

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður toll af pappírsrúllum í reiknivélar sem flokkast í tnr. 48.15.31 í 1. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.

2. gr.

Niðurfelling tolls samkvæmt framanrituðu er bundin því skilyrði að viðkomandi vörur verði taldar upprunavörur í skilningi auglýsingar nr. 680/1980, um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 287/1981 um breyting á henni, sbr. og auglýsingu nr. 101/1986.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 7. janúar 1987.

F.h.r.

Sigurgeir Jónsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.